

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1150/2007/EB frá 25. september 2007 um að koma á fót sérstakri áætlun fyrir tímabilið 2007–2013 um forvarnir og upplýsingar um vímuefni sem hluta af almennu áætluninni um grundvallarréttindi og réttlæti ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2008 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. mgr. 16. gr. bókunar 31 við samninginn:

„– **32007 D 1150**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1150/2007/EB frá 25. september 2007 um að koma á fót sérstakri áætlun fyrir tímabilið 2007–2013 um forvarnir og upplýsingar um vímuefni sem hluta af almennu áætluninni um grundvallarréttindi og réttlæti (Stjtið. ESB L 257, 3.10.2007, bls. 23).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2008 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. 161, 23.6.2005, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 257, 3.10.2007, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.